

Fundur í skólanefnd Kvennaskólans í Reykjavík haldinn fimmtudaginn 4. nóvember 2021 kl. 15:00 í netheimum í gegnum TEAMS.

Mætt voru: Sigyn Blöndal Kristinsdóttir,
Sylvía B. Gústafsdóttir,
Stefán Hilmarsson, fulltrúar mennta- og menningamálaráðuneytisins
Diljá Ámundadóttir Zoëga,
Örn Þórðarson, fulltrúar Reykjavíkurborgar
Guðrún Erla Sigurðardóttir, áheyrnarfulltrúi starfsmanna
Vigdís Jóhannsdóttir, fulltrúi foreldraráðs
Hekla Dís Kristinsdóttir, áheyrnarfulltrúi nemenda
Hjalti Jón Sveinsson, skólameistari
Guðný Rún Sigurðardóttir, fjármála- og skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Skólameistari setti fund og bauð nýskipaða skólanefnd velkomna til starfa.

1. Kosning formanns.

Tillaga kemur fram um að Stefán Hilmarsson sem verið hefur varaformaður verði valinn formaður og er það samþykkt.

Kosning varaformanns, tillaga kemur fram um Diljá Ámundadóttur Zoëga og er það samþykkt.

2. Hlutverk skólanefndar skv. lögum nr. 92 frá árinu 2008 um framhaldsskóla.

Skólameistari fór yfir lögina sem tilgreina hlutverk skólanefndar sem á að sinna bæði eftirliti með skólastarfinu og vera ráðgefandi og til stuðnings við skólastjórnendur.

3. Skólanefnd Kvennaskólans í Reykjavík; starfshættir og helstu mál til umfjöllunar.

Skólameistari kynnti starfsemi skólans fyrir nýrri skólanefnd, nemendafjölda, brautir o.fl., styttingu náms til stúdentsprófs og gengi okkar nemenda í styttingunni. Greindi frá því að skólabyrjun hafi verið seinkað um 20 mínútur á hverjum degi.

4. Staða Kvennaskólans í hópi íslenskra framhaldsskóla m.a. í ljósi umræðu í Speglinum á Rúv 25. og 26. október

Skólameistari greindi frá upplifun sinni af umfjölluninni sem fannst umræðan gildishlaðin og ósanngjörn í garð bóknámsskóla. Aðrir fundarmenn fagna allri umræðu um skólamálefni, þessa sem aðra. Umræður um kynjakvóta nemenda í skólum o.fl.

5. Væntanleg fjárhagsstaða um næstu áramót og áætlun fyrir árið 2022.

Greint frá verkefni sem er í gangi með MRN við endurskoðun á reiknilíkani því sem deilir fjármunum til framhaldsskólanna. Stefnir áfram í hallarekstur á árinu 2021 en fjárlög fyrir árið 2022 hafa ekki verið lögð fram og rekstraráætlun því ekki tilbúin.

6. Helstu viðburðir og gangur skólastarfsins á haustönn 2021

Hekla Dís greindi frá viðburðum á vegum Keðjunnar sem farið er á fleygiferð aftur í haust. Eitt ball búið og Eplaballið handan við hornið. Leikfélagið komið á fulla ferð að undirbúa leiksýningu í febrúar n.k. MH-Kvennó dagurinn haldinn í gær en þar taka nemendur þessa skóla þátt í margvíslegri keppni.

Stefnt að því að halda næsta skólanefndarfund í byrjun nýs árs.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 16:20.